

Alþingi
Erindi nr. P 130/542
komudagur 8.12.2003



LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGGSMANNA

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Faki: 591 0301
www.liu.is

Nefndasvið Alþingis,
v/sjávarútvegsnefndar,
Austurstræti 8-10.
150 Reykjavík.

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 6. desember 2003.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 37/1992 um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, með síðari breytingum - Þskj. 274 – 254. mál.

Vísað er til bréfs dags. 21. nóvember 2003 þar sem okkur er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, nr. 37/1992 – 254 mál.

Í 1. grein frumvarpsins er lagt til að gerðar verði breytingar á 3. mgr. 1. gr. laganna þar sem kveðið er á um hvernig gjaldi sem innheimt er samkvæmt lögnum verði varið. Við gerum ekki athugasemdir við þá breytingu sem þarna er lögð til.

Þá er í 4. grein frumvarpsins lagt til að ný málsgrein bætist við 10. grein laganna þar sem kveðið er á um sviptingu veiðileyfis ef gjald sem lagt er á samkvæmt þeim hefur ekki verið greitt þegar krefjast má fullnustu þess með fjárnámi.

Í athugasemdum við greinina er ástæðum fyrir því að þessi breyting er lögð til lýst. Við tökum undir það að koma ber í veg fyrir að aðilar sem gjald hefur verið lagt á haldi áfram útgerð skips þó þeir greiði ekki gjaldið. Það er hinsvegar fullkomlega ósanngjarnt að eigendur skipa sem hafa leigt þau og hafa á engan hátt stofnað til þess að gjald samkvæmt lögnum er lagt á leigutakann, líði fyrir verknaðinn með þeim hætti sem lagt er til. Sama á við um grandlausa veðhafa. Þetta á ekki síst við þar sem athafnir eða athafnaleysi Fiskistofu og annarra eftirlitsaðila getur ráðið úrslitum um það hvaða gjald kann að stofnast. Í nýlegum dómi Héraðsdóms Vesturlands er lýst hvernig skip voru gerð út vikum og mánuðum saman án þess að hafa tilskildar og aflaheimildir veiddu hundruð tonna af fiski. Í einu tilviki þar sem skip var í leigu var um 125 tonn að verðmæti 16,6 milljónir ræða. Í þessum tilvikum hefði mátt grípa mun fyrr til veiðileyfissviptingar en gert var. Ef veiðileyfissvipting verður látin standa

Ótímabundið í slíkum tilvikum er í raun um eignaupptöku að ræða gagnvart þessum aðilum þar sem veiðileyfislaust skip missir verðgildi sitt.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna



Friðrik J. Arngrímsson framkvæmdastjóri